

Námsvísir 2022-2023

2. bekkur

Námshgrein: Íslenska / Byrjendalæsi

Kennari/kennarar: Rósa Kristín Indriðadóttir og Sigrún Erla Eyjólfsdóttir

Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Að nemendur geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði frammi fyrir hópi
- endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið (s.s. eftirminnilegum atburði, ákveðnu fyrirbæri, upplestur, leikið efni, ljóð eða söngva)
- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði nokkuð lipur
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni (s.s. einföldum skýringarmyndum, söguveg, hugtakakortum og venn-kortum)
- beitt bókmenntahugtökum (s.s. persónu, söguþræði og umhverfi)
- skrifað nokkuð skýrt og læsilega
- samið fjölbreyttan texta frá eigin brjósti (s.s. sögu, frásögn eða skilaboð)
- beitt einföldum stafsetningarreglum
- samið fjölbreyttan texta frá eigin brjósti (s.s. sögu, frásögn eða skilaboð)
- beitt einföldum stafsetningarreglum
- raðað í stafrófsröð
- unnið með eintölu og fleirtölu
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum
- þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- búið til málsgreinar

Kennsluaðferð / vinnulag

Kennt er eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi sem er samvirk nálgun í læsiskennslu barna. Byrjendalæsi sækir innblástur til kenninga um hugsmíðahyggju og nám án aðgreiningar þar sem gert er ráð fyrir að börn læri best í samfélagi jafningja, með samvinnu, stigskiptum stuðningi og hvers konar námsaðlögun sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og áhugasvið. Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku. Kennari les fyrir nemendur. Unnið er með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Einstaklingsvinna, Paravinna og hópavinna. Mikið unnið í hringekju og á vinnusvæðum.

Námsmat

Lögð eru fyrir lesferill (hraðapróf) í september, janúar og maí. Læsi er lagt fyrir 3 yfir veturinn. Vinna og virkni í tímum metin út frá markmiðum hvernar viku.

Námstögn

Mismunandi gæðatexti (skáldsögur, þjóðsögur, ljóð og fræðigreinar)

Hinar ýmsu verkefnabækur (Lestrarlandið, Lesrún, ritrún, Ás, Tvistur, Þristur)

Skriftarbók

Verkefna- og úrklippubók

Sögubók

Ljósrituð verkefni